

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu heits vatns og jarðgufu, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000, ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að verða gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í A-hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir heitt vatn, jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Verðskrá.

2.1 Verð fyrir heitt vatn og jarðgufu.

A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:

Vatnsgjald	64	kr./m ³
Fast gjald	7.400	kr./ár

A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:

Vatnsgjald	312	kr./m ²
Fast gjald	7.400	kr./ár

A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:

Vatnsgjald	312	kr./m ²
Fast gjald	18.500	kr./ár

A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:

Vatnsgjald	312	kr./m ²
Jarðgufugjald	1,15	kr./kWh
Fast gjald	7.400	kr./ár

Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.

2.2 Heimæðagjald.

B.1 Hús minna en 2.000 m³

Fast gjald	118.900	kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	75	kr./m ³

B.2 Hús stærri en 2.000 m³

Fast gjald	223.900	kr.
Rúmmetrar umfram 2.000 m ³	50	kr./m ³
Rúmmetrar umfram 600 m ³ reiknast ekki á einbýlis-, rað- eða parhús.		

2.3 Innheimtugjald.

C.1 Innheimtugjald hitaveitu

560 kr.

2.4 Lokunargjald.

D.1 Lokunargjald hitaveitu

1.880 kr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með áorðnum breytingum, til þess að öðlast gildi 1. apríl 2003 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 963, 20. desember 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Hækkun á þaki Hrafnistu.

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimilað var að lyfta þaki á B-álmum Hrafnistu fyrir 9 vistherbergi.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Innkeyrslum á bílastæði Hrafnistu fjölgað.

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimiluð var ný innkeyrsla á lóð Hrafnistu frá safngötu norðan við spennistöð.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Garðabæjar, 20. mars 2003.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. mars 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir,
skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Hafdís Hafliðadóttir,
skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.